

## Vaxtaþrep

### Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibúi Íslandsbanka](#) eða [netbanka Íslandsbanka](#).

Bæði einstaklingar og lögaðilar mega stofna Vaxtaþrep. Lögráðamenn geta stofnað reikninginn fyrir hönd ólögráða.

### Inn- og útborganir

Reikningurinn er ávallt opinn fyrir inn- og útborgunum. Ekkert lágmark er á innborgunum á reikninginn. Hvert innlegg er bundið í 10 daga.

Hægt er að millifæra út af reikningnum í netbanka og í appi. Útborgun getur einnig farið fram á hvaða afgreiðslustað bankans sem er, sé öðrum skilyrðum til úttekta fullnægt og fullgildum persónuskilríkjum framvísað eða vottuðu umboði reikningseiganda til úttekta. Umboðshafi skal sanna á sér deili með sama hætti og reikningseigandi og afhenda afrit umboðs til varðveislu í útibúi.

### Vaxtatímabil

Vaxtatímabilið er frá fyrsta til síðasta dags hvers mánaðar. Vextir eru færðir á höfuðstól við lok hvers mánaðar.

### Þóknarir og skattar

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknarir. Fjármagnstekjuskattur dregst frá vaxtagreiðslum hverju sinni.

### Kjör og skilmálar

Reikningurinn er óverðtryggður innlánsreikningur með breytilegum vöxtum. Skilmálar þessir og kjör reikningsins eru háð ákvörðun bankans hverju sinni. Upplýsingar um kjör reikningsins er að finna í [vaxtatöflu bankans](#). Að öðru leyti gilda almennir [skilmálar innlánsreikninga](#).

### Annað

Um stofnun reiknings og meðferð gilda m.a. auk framanritaðs lög og reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti, lögræðislög og önnur ákvæði laga um meðferð fjármuna lögaðila eins og við á hverju sinni.